

Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Kaldrananeshreppur
Reykhólahreppur
Tálknafjarðarhreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 10. ágúst 2022

Boðun 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, Félagsheimilinu á Patreksfirði þann 8. til 10. september 2022.

Samþykkt var á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að vori, þann 6. apríl s.l. tillaga um að efni þingsins yrði samstarf sveitarfélaga á nýju kjörtímabili þar sem um er að ræða fyrsta Fjórðungsþing að afloknum sveitarstjórnarkosningum¹.

Stjórn Fjórðungssambands hefur fjallað um tillögu að dagskrá og nánari framkvæmd þingsins með hliðsjón af 3. og 11. grein samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Telur stjórn að umfang og mikilvægi efni þingsins sé það víðtækt að auka verði við tíma í dagskrá þingsins.

Því hefur stjórn ákveðið **að setningu þingsins verði flýtt** og það verði boðað **fimmtudaginn 8. september n.k, kl 16.30 í Félagsheimilinu á Patreksfirði.**

Með vísan til heimildar stjórnar að senda endanlega dagskrá 10 dögum fyrir upphaf þingsins, þá er hér kynnt með fyrirvara tillaga að dagskrá, sem hér segir;

Fimmtudagur 8. september

- 16:00 Skráning
- 16:30 67. Fjórðungsþing sett að nýju. Kosning þingforseta og ritara
- 16:45 Ávarp formanns
- 17:00 Ávörp gesta
- 17:45 Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða
- 18.15 Framlagning þingmála, fyrri umræða
 - Fjárhags- og starfsáætlun 2023
 - Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - Fjárhags- og starfsáætlun, Vestfjarðastofu
 - Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári
 - Laun og þóknun til stjórna og nefnda
 - Ályktanir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - Ályktanir þingfulltrúa
- 19:15 Þinghlé
- 19:45 Kvöldverður

Föstudagur 9. september

9:30 Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á nýju kjörtímabili

Við Vestfirðingar stöndum á tímamótum, því bættir innviðir og nýjar atvinnugreinar skapa sóknarfæri sem við höfum ekki séð í áratugi.

Hvernig vilja sveitarstjórnir nýta þau tækifæri á komandi kjörtímabili?

Þetta ætlum við að ræða á fjórðungspinginu og þá sérstaklega hvernig við getum nýtt samstarf sveitarfélaganna enn betur, til að auka samhljóm innan svæðisins og slagkraftinn út á við.

Við ræðum um samstarf sveitarfélaganna almennt og rýnum einstök samstarfsverkefni. Tökum til greina að sjónarmið og staða sveitarfélaganna er ólík, en leitum að sameiginlegum snertiflötum.

Út úr þessu eiga að koma skilaboð til stjórnar og starfsfólks, um helstu áherslur og forgangsröðun verkefna til ársins 2026.

Meðfylgjandi er tengill á helstu gögn sem mikilvægt er að fulltrúar á Fjórðungspingi kynni sér fyrir þingið.

<https://www.vestfirdir.is/is/malaflokkar/sveitarstjornarmal/upplysingar-fyrir-sveitastjornarmenn>

Vekjum sérstaka athygli á Sóknaráætlun Vestfjarða og starfsáætlun Vestfjarðastofu.

Umsjón með þessum hluta þingsins hefur Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI. Hún mun stjórna umræðum og vinna úr skilaboðum þátttakenda að þinginu loknu.

19:00 Kvöldverður

Laugardagur 10. september

- 09:00 Nefndarstörf
- 10.45 Kaffihlé
- 11:00 Framhald þings að afloknu þinghléi
- 11.02 Afgreiðsla ályktana
- 12.00 Hádegishlé
- 12:30 Kosningar

Kosning stjórnar, varastjórnar og kosning formanns
Kosning í; fastanefndir Fjórðungssambands Vestfirðinga s.m.k. 12. gr samþ. FV,
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, í fulltrúaráð stofnana með eignaraðild FV og
starfsnefndir ráðuneyta samkæmt lögum hverju sinni
Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

- 13:30 Önnur mál
- 14:00 Þingslit

Skráning, önnur gögn og upplýsingar um nánari framkvæmd þingsins verður að finna
vefslóðinni <https://www.vestfirdir.is/is/malaflokkar/sveitarstjornarmal/fjordungsting/67-fjordungsting-haust> ásamt öðrum gögnum er varða þingið.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson

ⁱ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/vor/thinggerd-67-fjordungsthings-vor-2022.pdf>